
Samstarfsamningur um verkefnið „**VERKEFNI** á LSH“ og eignarhald og hagnýtingarrétt á niðurstöðum þess

Undirritaðir aðilar, Landspítali, kt. 500300-2130, Skaftahlíð 24, Reykjavík og **FYRIRTÆKI** ehf., kt. **xxxxxx-xxxx**, **Heimilisfang**, (sameiginlega vísað til sem aðila) gera með sér eftirfarandi samning um samstarfsverkefni **FYRIRTÆKI** ehf. og Landspítala sem ber heitið „**nafn verkefnis**“ og eignarrétt og hagnýtingarrétt á niðurstöðum rannsókna og þróunar er af verkefninu leiða. Verkefnið er Pilot verkefni og stefnt er að áframhaldandi samstarfi verði niðurstaðan jákvæð. Samið verður sérstaklega um framhald eftir úttekt á niðurstöðu verkefnisins.

1. Verkefni

Um lýsingu á verkefninu „**nafn verkefnis**“ (hér eftir vísað til sem verkefnið) vísast til viðauka A – „Verkefnalýsing á **VERKEFNI** á LSH“ sem verkefnið byggir á og er fylgiskjal við samning þennan. Í viðaukanum er að finna upplýsingar um aðkomu og hlutverk aðila í verkefninu ásamt verkáætlun. Verkefnastjórar verkefnis eru **NAFN**, kt. **xxxxxx-xxxx** fyrir hönd **FYRIRTÆKIS** ehf. og **NAFN**, kt. **xxxxxx-xxxx**, fyrir hönd Landspítala. Ábyrgðarmaður f.h. Landspítala er **nafn, kt. xxxxxx-xxxx**. **NAFN**, kt. **xxxxxx-xxxx**, **titill**, er ábyrgðarmaður f.h. **FYRIRTÆKI** ehf.

2. Leyfisumsóknir

Ef verkefnið er háð leyfi Vísindasiðanefndar, Lyfjastofnunar, Landspítala eða annarra aðila ber verkefnisstjóri Landspítala ábyrgð á að sótt sé um viðeigandi leyfi.

Ef gera þarf samning við vinnsluaðila vegna verkefnisins er sú vinna á ábyrgð verkefnisstjóra Landspítala sem jafnframt ber ábyrgð á að unnið sé í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

3. Framvinda verkefnis, skýrsluskil og afrakstur

Þátttakendur skuldbinda sig til að skila lokakýrslu til aðila við lok verkefnis og stefnt er að því að verkefni ljúki fyrir **DAGSETNING**.

Í viðauka A – „**VERKEFNI** á LSH“ er að finna verkáætlun og vörður sem marka framvindu verkefnisins.

4. Breytingar á áætlun

Ábyrgðamenn skulu upplýsa verkefnastjóra svo fljótt sem auðið er um allar fyrirsjáanlegar breytingar á áætlun eða stjórn verkefnisins, s.s. breytingar á tímaáætlun, verk- og

fjárhagsáætlunum og breytta samstarfsaðila. Umtalsverðar breytingar að mati verkefnastjóra skulu skriflega samþykktar af aðilum sammings þessa.

5. Fyrirliggjandi hugverk og þekking

Hvers konar hugverk eða þekking sem aðili kemur með inn í verkefnið (fyrirliggjandi hugverk og þekking) og sem ekki er hægt að skilgreina sem almenna þekkingu eða á vitorði þeirra sem starfa á viðkomandi sviði, skal vera eign viðkomandi aðila. Aðilar sammings þessa hafa þó rétt til að nýta sér þekkinguna sem þarf til að leysa verkefnið meðan á vinnslu þess stendur.

6. Afrakstur

Áætlaðan afrakstur verkefnis og verkhluta er að finna í viðauka A – „**VERKEFNI á LSH**“.

7. Eignarhald að verkefni loknu

Eignar- og höfundarréttur á viðbótum við hugbúnað **FYRIRTÆKI** ehf. verður að 100% hluta í höndum **FYRIRTÆKI** ehf.

Eignar- og höfundarréttur að verklagsútfærslum og ferlum sem og innri vinnu Landspítala verður í höndum Landspítala að 100% hluta.

8. Sala á afrakstri verkefnisins

FYRIRTÆKI ehf. er áfram heimilt að selja sinn og hugbúnað og þekkingu án þess að greitt sé sérstakt gjald til Landspítala.

9. Notkunarheimild Landspítala á afrakstri verkefnisins

FYRIRTÆKI ehf. mun veita Landspítala Semja má um annað fyrirkomulag ef þurfa þykir í framhaldi.

10. Source kóði (eignarhald - notkunarheimild Landspítala)

Frumkóði hugbúnaðar verður alfarið í eigu **FYRIRTÆKI** ehf.

11. Hagsmunaárekstur

Verksali skal fyrir undirritun sammings, upplýsa verkkaupa hvort til staðar séu hjá honum eða viðeigandi starfsmönnum hans einhver þau atvik eða atriði, hvort heldur persónulegs eða fjárhagslegs eðlis sem valdið geta því að viðkomandi teljist vanhæfur til að sinna verkum samkvæmi samningi þessum vegna hugsanlegs eða raunverulegs hagsmunaáreksturs.

Þá ber verksala að sjá til þess að hvorki hann né neinn af starfsmönnum hans verði settir í, eða komist að öðru leyti í þá aðstöðu að verkkaupi hafi réttmæta ástæðu til að álíta að fjárhagslegir

eða persónulegir hagsmunir verksala og/eða starfsmanna hans rekist á við skyldur þeirra gagnvart verkkaupa samkvæmt samningi þessum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum án fyrirvara eða að grípa til annarra úrræða sem hann telur nauðsynleg komi upp sú staða að hann annaðhvort hefur réttmæta ástæðu til að ætla að til staðar kunni að vera atriði, eða að raunverulega séu til staðar atriði sem valda hagsmunaárekstri milli persónulegra eða fjárhagslegra hagsmuna verksala og/eða viðeigandi starfsmanna hans og skyldna þeirra við verkkaupa skv. samningi þessum.

12. Hugverkaréttindi

- 12.1 Í samningi þessum merkir hugtakið uppfinning, uppfinningu sem unnt er að fá einkaleyfi fyrir samkvæmt lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, óháð því hvort sótt sé um einkaleyfi á uppfinningunni eða hún vernduð sem viðskiptaleyndarmál. Uppfinningamenn teljast þeir sem eiga þátt í fræðilegu og/eða tæknilegu framlagi til uppfinningar.
- 12.2 Í samningi þessum merkir hugtakið ný þekking, m.a. nýja tækni, algrím, tölvuforrit, verkþekkingu („know-how“) og aðferðir sem verða til í verkefninu.
- 12.3 Einkaleyfishæf uppfinning og ný þekking (hér eftir vísað til sem uppfinning) sem verður til í verkefninu skal vera eign þess aðila sem hún verður til hjá. 12.4
- 12.4 Einkaleyfishæf uppfinning og ný þekking (hér eftir vísað til sem uppfinning) sem verður til í samvinnu aðila og ekki er hægt að greina að er sameign aðila.

13. Trúnaðarmál

- 13.1 Í verkefninu kunna aðilar að fá aðgang að ýmsum trúnaðarupplýsingum hvors annars. Almenn ákvæði skulu gilda um gagnkvæman trúnað varðandi meðhöndlun viðkvæmra upplýsinga svo sem persónuupplýsinga, tölvukóða, rannsóknagagna, verkþekkingar („know-how“), aðferða og viðskiptaupplýsinga, sem aðilar verða áskynja um frá hinum aðilanum og skal verkefnastjóri tryggja að allir starfsmenn sem taka þátt í verkefninu séu bundnir af þeim trúnaði.
- 13.2 Aðilar heita því að halda trúnað um allar niðurstöður verkefnisins á meðan á verkefninu stendur og í þrjá mánuði frá því að niðurstöður þess liggja fyrir og hafa verið afhentar skriflega öllum aðilum, nema einkaleyfisumsókn hafi verið lögð inn fyrir þann frest eða aðilar séu sammála um annað.

14. Birtingar vísindagreina og skýrslna

Þeir sem vinna verulegan hluta verkefnisins verða tilgreindir höfundar að verkefnisskýrslum, greinum, bókum og annarri útgáfu rannsóknarniðurstæðna. Verkefnisstjóri ákveður röð höfunda í útgáfu í hverju tilfelli.

15. Kynning verkefnisins

Landspítala er heimilt að nota nafn FYRIRTÆKI ehf. sem samstarfsaðila við kynningu á verkefninu og niðurstöðum þess, enda hafi FYRIRTÆKI ehf. fengið ráðrúm til að meta að það skaði ekki hagsmuni þeirra. FYRIRTÆKI ehf. er heimilt að nota nafn Landspítala sem samstarfsaðila við kynningu á verkefninu og niðurstöðum þess, enda hafi Landspítali fengið ráðrúm til að meta að það skaði ekki hagsmuni hans.

16. Framsal

Aðilum er óheimilt að framselja eða flytja með öðrum hætti réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum, hvorki að hluta né í heild nema með samþykki allra aðila.

17. Riftun

Aðilar geta hvor fyrir sig rift samningnum ef gagnaðili gerir sig sekan um verulegar vanefndir á samningi þessum og/eða í verkefninu. Riftun skal þó aðeins heimil að undangenginni skriflegri áskorun um úrbætur, þar sem veittur verði ekki skemmri frestur en 30 daga til úrbóta. Skyldur aðila samkvæmt 4., 6. og 7. gr. skulu áfram halda gildi sínu þrátt fyrir riftun samnings. Um rétt til riftunar að öðru leyti skal fara að almennum reglum.

18. Endurskoðun og reikningsskil

Verkefnastjóri skal halda bókhald fyrir verkefnið þar sem talinn er kostnaður vegna einstakra verkþátta, heildarkostnaður verkefnisins og framlög aðila þar með talið vinnuframlag.

Aðilar áskilja sér rétt til að láta fulltrúa sinn eða löggiltan endurskoðanda yfirfara öll bókhaldsgögn verkefnisins telji þeir ástæðu til ásamt því að sannreyna hvort notkun stuðningsins sé í samræmi við upphafleg markmið og forsendur verkefnisins og hvort framlög þátttakenda hafi verið í samræmi við samning þennan.

19. Ábyrgð

Aðilar bera hvor um sig ábyrgð á slysum eða tjóni hjá sjálfum sér, sem kynnu að leiða af framkvæmd verkefnisins eða rangri notkun á tækjum, búnaði, niðurstöðum eða ráðgjöf, sem tengjast verkefninu.

20. Almenn ákvæði

Um samning þennan gilda íslensk lög. Komi til ágreinings um túlkun og framkvæmd samnings þessa skulu aðilar leggja sig fram um að leysa ágreininginn með samkomulagi utan réttar. Rísi mál vegna framkvæmdar á samningi þessum eða túlkun á einstökum ákvæðum hans skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur eins eintökum og fær hvor aðili eitt eintak.

Staður og dagsetning:

Fyrir hönd **FYRIRTÆKI** ehf.

NAFN, titill

Staður og dagsetning:

Fyrir hönd Landspítala

NAFN, titill